Fenra + GrokBot



Fenra + GrokBot

Hugmyndir 01–02



01 Fylgstu með því sem skiptir máli

Ef þú ert þreyttur á að gleyma að fylgja á eftir hlutum geturðu látið GrokBot vakta þá fyrir þig.

> „Fylgstu með tölvupóstinum mínum og dagatalinu mínu á hverjum degi og athugaðu hvort ég sé að gleyma einhverju eða hvort staðan á einhverju breyttist. Láttu mig aðeins vita þegar það koma nýjar upplýsingar um eitthvað eða eitthvað sem breytir stöðunni.“

---

02 Láttu GrokBot fá kvittun

Varstu í hádegismat og prentarinn virkaði ekki? Láttu GrokBot sækja kvittunina fyrir þig þannig að þú þurfir ekki að eltast við það.

> „Sendu tölvupóst á [Nafn veitingarstaðar] og óskaðu eftir kvittun frá því í hádeginu í dag. Við vorum á staðnum klukkan 12:05 og greiddum 4.210 kr.“

Hér er gert ráð fyrir því að tenging við tölvupóstinn þinn sé uppsett.

Hugmyndir 03–04



03 Hafðu einn stað fyrir almennar spurningar

Þú þarft ekki nýjan aðstoðarmann fyrir hverja hugmynd. Hafðu einn almennan aðstoðarmann festan efst og notaðu hann fyrir hraðar spurningar, raddglósur og fyrstu drög.

> „Þú ert almenni aðstoðarmaðurinn minn. Hjálpaðu mér að vinna úr hugmyndum, finna fyrri samtöl og ákveða næsta skref. Leggðu til sérhæfðan aðstoðarmann þegar ábyrgðin verður skýr og endurtekin.“

Byrjaðu einfalt. Skipulagið má þróast eftir því sem raunveruleg þörf kemur í ljós.

---

04 Fáðu sameiginlega yfirsýn frá teyminu

Láttu almenna aðstoðarmanninn kalla eftir stöðu frá sérhæfðu aðstoðarmönnunum. Sameiginleg samantekt getur sýnt tengsl milli verkefna sem annars liggja í mörgum aðskildum samtölum.

> „Talaðu við alla GrokBot aðstoðarmennina mína og taktu saman síðustu viku. Hvað kláraðist, hvað bíður og hvaða þrjú atriði ætti ég að forgangsraða? Taktu fram hverjir svöruðu ekki og vísaðu í upprunalegu samtölin.“

Hópspjall hentar þegar nokkrir aðstoðarmenn þurfa að ræða sama málið.

Fenra + GrokBot

Hugmyndir 05–06



05 Gefðu afmörkuðu ferli eigin aðstoðarmann

Þegar hugmynd verður að stærra ferli getur það fengið eigin aðstoðarmann. Færðu samhengi úr almenna spjallinu yfir og skilgreindu markmið, næsta skiladag og endurtekna eftirfylgni.

> „Stofnaðu aðstoðarmann fyrir móttöku nýs starfsmanns. Færðu honum samhengi úr þessu samtali, settu upp gátlista og biddu mig á virkum dögum kl. 8 um stöðu næsta atriðis. Notaðu gögn úr Fenra til að styðja við innleiðinguna.“

Gefðu honum skýran tilgang. Þegar átakinu lýkur skaltu stöðva rútínur sem eiga ekki lengur við.

---

06 Gerðu póstana þína á X að gagnlegu yfirliti

GrokBot er framleitt af X og þar af leiðandi talar það mjög vel við samfélagsmiðilinn X.

> „Hjálpaðu mér að búa til fréttabréf fyrir starfsfólk. Taktu saman stöðu verkefna úr Fenra. Taktu síðan saman bókamerki vikunnar hjá mér á X. Skrifaðu tvær setningar um hvert atriði, láttu upprunalegan hlekk fylgja og leggðu til þrjú viðfangsefni fyrir næsta fréttabréf.“

Svona er hægt að blanda saman alvöru verkum úr Fenra við áhugaverða hluti sem þú rekst á inni á samfélagsmiðlum.

Fenra + GrokBot

Hugmyndir 07–08



07 Settu upp heimasíðu

Vantar þig heimasíðu fyrir fyrirtækið eða síðu til að kynna ákveðna þjónustu? Segðu GrokBot hvað þú gerir, fyrir hverja og hvernig fólk á að ná í þig. Láttu það setja saman fyrstu útgáfu sem þú getur síðan lagað til.

> „Búðu til heimasíðu fyrir [nafn fyrirtækis]. Við tökum að okkur [þjónusta] fyrir [viðskiptavini] á [svæði]. Hafðu hana einfalda, með kynningu á okkur, þjónustunni og leið til að hafa samband. Notaðu meðfylgjandi merki og myndir. Sýndu mér útgáfu fyrir síma og tölvu áður en síðan er birt.“

08 Tengdu gögnin sem gera svarið betra

Viðbætur geta gefið aðstoðarmanni aðgang að dagatali, skjölum og öðrum vinnugögnum. Veldu tengingar út frá verkefninu sem þú vilt leysa og láttu hann nýta samhengi úr fleiri en einu forriti í einu.

> „Á virkum dögum skaltu minna mig á fundi 15 mínútum áður en þeir hefjast. Taktu saman tilgang fundarins og finndu viðeigandi gögn í pósthólfinu mínu og Fenra. Segðu frá ef þú finnur engin gögn.“

Byrjaðu á dagatali og Fenra. Bættu við fleiri tengingum þegar notkunin kallar á það.

Fenra + GrokBot

Hugmyndir 09–10



09 Sparaðu þér pening strax

Með fleiri tengdum pósthólfum geturðu fundið áskriftir, tekið saman kvittanir og fylgt eftir mikilvægu svari. Tilgreindu hvaða reikning á að skoða eða nota í hvert sinn.

> „Farðu yfir kvittanir síðustu þriggja mánaða í persónulega pósthólfinu og vinnupóstinum. Finndu endurteknar áskriftir, sýndu upphæðir og tengla á kvittanir og merktu mögulegar tvítekningar. Segðu mér hverju ég gæti mögulega sagt upp til að spara pening. Gerðu tillögur áður en nokkru er sagt upp.“

10 Hugsaðu upphátt og láttu reyna á hugmyndina

Notaðu röddina í símanum til að vinna úr óljósri hugmynd. Láttu aðstoðarmann spyrja erfiðra en gagnlegra spurninga og vista niðurstöðuna á sínum stað í skráakerfinu.

> „Ég vil hugsa upphátt um næstu viku. Spyrðu einnar krefjandi spurningar í einu og hjálpaðu mér að finna veikleika í forsendunum. Þegar við erum búin skaltu vista samantekt með dagsetningu og þremur næstu skrefum og segja mér hvar hún er.“

Vinnusvæðið getur líka nýst fyrir skrár og vafravinnu. Frásögnin nefnir að sum vefsvæði loki á sjálfvirkan aðgang.

Fenra + GrokBot

Hugmyndir 11–12



11 Byrjaðu daginn með stöðunni í Fenra

Láttu GrokBot taka saman opin verkefni í tilteknu verki áður en dagurinn hefst. Fáðu stöðu, ábyrgð og skiladaga úr Fenra á einn stað og notaðu yfirlitið til að velja hvað þarf athygli fyrst.

> „Á virkum dögum kl. 7:30 skaltu skoða verkefnin í Fenra-verkinu [heiti verks]. Sýndu ólokin verkefni sem eru komin fram yfir skiladag, verkefni án ábyrgðaraðila og verkefni í bið. Raðaðu eftir því sem þarf athygli og láttu heiti og auðkenni verkefna fylgja.“

12 Breyttu glósunum þínum í verkefnatillögur

Lestu inn glósur eftir yfirferð á verkstað og láttu GrokBot aðgreina hvað er nýtt verkefni og hvað tilheyrir fyrirliggjandi verkefni. Þá er auðveldara að koma athugasemdum í skýran farveg.

> „Hér eru glósur úr yfirferð í [heiti verks]: [glósur]. Leitaðu fyrst að samsvarandi verkefnum í Fenra. Leggðu síðan til heiti, lýsingu og staðsetningu nýrra verkefna í réttu verkefnasafni. Sýndu tillögurnar og bíddu eftir samþykki mínu áður en þú skráir eða breytir nokkru.“

GrokBot getur nýtt leit, stofnun verkefna og athugasemdir. Láttu hann spyrja ef verk eða verkefnasafn er óljóst.

Fenra + GrokBot

Hugmyndir 13–14



13 Undirbúðu dagsskýrsluna með aðstoð

Sameinaðu eigin glósur og upplýsingar úr Fenra í læsileg drög. GrokBot getur hjálpað að skipuleggja unnin verk, hindranir og næstu skref og síðan skráð skýrsluna þegar þú hefur yfirfarið hana.

> „Búðu til drög að dagsskýrslu fyrir [dagsetning] í [heiti verks] út frá þessum glósum: [glósur]. Skoðaðu tengd verkefni í Fenra til samhengis. Aðgreindu unnin verk, hindranir og næstu skref. Spurðu um það sem vantar og bíddu eftir samþykki mínu áður en þú vistar.“

Notaðu aðeins staðfestar upplýsingar um vinnustundir, mannafla og veður. Staða verkefnis ein og sér segir ekki alla sögu dagsins.

---

14 Finndu gögnin sem styðja næstu ákvörðun

Biddu GrokBot að finna viðeigandi skjöl í verkinu og skoða hvað er tengt ákveðnu verkefni. Þú færð betri undirbúning fyrir verkfund og sérð hvar vantar gögn til að fylgja málinu eftir.

> „Finndu skjöl í Fenra-verkinu [heiti verks] sem tengjast [efni eða skráarheiti]. Skoðaðu einnig gögn tengd verkefni [auðkenni]. Sýndu heiti, útgáfu ef hún liggur fyrir og hvað þarf að yfirfara fyrir næsta verkfund. Greindu skýrt á milli þess sem er í gögnunum og þinna ályktana.“

Leit að skjölum byggir á heiti og skráarupplýsingum. Biddu sérstaklega um að opna eða sækja skjal þegar innihald þess þarf að ráða svarinu.

Fenra + GrokBot

Hugmynd 15



15 Leitaðu að aukaverkum

Settu inn verksamninginn og láttu GrokBot bera hann saman við verkefnin og dagsskýrslurnar í Fenra. Þannig geturðu komið auga á vinnu sem gæti fallið utan samnings og þarf að skoða sem mögulegt aukaverk.

> „Hér er verksamningurinn fyrir [heiti verks]. Farðu yfir verkefnin og dagsskýrslurnar í Fenra og finndu vinnu sem gæti fallið utan samnings. Fyrir hvert atriði skaltu sýna hvað var gert, hvar það er skráð og hvaða ákvæði samningsins eiga við. Taktu fram ef upplýsingar vantar og settu saman lista yfir möguleg aukaverk sem ég get farið yfir.“

Láttu GrokBot finna gögnin og benda á atriðin. Þú metur síðan hvort þau séu aukaverk og hvernig á að fylgja þeim eftir.

Aukaráð: Notaðu ⌘ K til að finna aðstoðarmenn, samtöl og rútínur.

Eigðu góða vinnuviku!
Pétur Már hjá Fenra

